



**Keilir**

Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## Íslenska 2 (ÍSL3B06): Bókmenntir og listir nútímans: Orsakir og áhrif

### Háskólabró

#### Áfangalýsing

Fjallað verður um tilurð mórernismans í listum og menningu. Nemendur rannsaka áhrif hans á bókmenntir og þær breytingar sem urðu á bókmenntaforminu um miðja 20. öld. Skoðað verður hvernig smásagan verður að tæki rithöfunda til að fjalla um ýmis samfélagsmál og til að gefa þeim rödd sem höfðu áður verið lítt áberandi í samfélags- og menningarumræðunni. Nemendur munu skoða þessar breytingar með áherslu á stöðu konunnar og hvernig hún breytist á þessari öld öfga þar sem tvær heimsstyrjaldir riðla til merkingarkerfi tungumálsins. Barnamenningin mótast og hugmyndin um unglínginn sem afmarkaðan hóp og markaðsvöru fæðist. Á þessu breytingaskeiði ríður kvíkmyndin sér til rúms og hefur áhrif á menningu í Evrópu og víðar. Nemendur munu skoða hvernig bókmenntirnar eru aðlagðar að þessum nýja sjónræna miðli og kanna jafnframt hina ýmsu snertifleti ólíkra miðla, svo sem bókmennta, myndlistar og tónlistar. Nemendur munu vinna áfram með og þróa hæfni sína í ritun fræðilegs texta og blæbrigðaríkri framsetningu hugmynda sinna. Samfélagsmiðlar samtímans verða einnig greindir og nemendur skoðað hvaða áhrif þeir hafa – og hafa haft – á textann og tungumálið.

#### Hæfniviðmið

##### ***Þekkingarviðmið***

Nemandi skal öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum bókmenntatexta, stefnum í íslenskum bókmenntum á 20. öld og helstu bókmennta- og listhugtökum
- snertiflötum bókmennta við aðra miðla, svo sem myndlist, kvíkmyndir og tónlist
- áhrifum heimsviðburða á tungumálið, bókmenntir og listir
- þróun barna- og ungmennabókmennta á 20. öld og ástæður hennar.

##### ***Leikniviðmið***

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- skrifa fræðilegar ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýnni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt og á blæbrigðaríku máli

- nýta sér gagnrýni annarra til að bæta eigin vinnubrögð
- skoða tengsl bókmennta við aðra miðla
- flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni
- nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna
- skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið

### **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í menningarumræðu samtímans
- að túlka og skilja bókmenntaverk, setja í menningarlegt samhengi og skrifa um það vandaðan og fræðilegan texta
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu
- greina og upplifa ólík hughrif í skáldskap

### **Forkröfur**

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið 10 einingum á 2. þrepi.

### **Þrep**

Áfanginn er á 3. þrepi

### **Einingafjöldi**

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

### **Námsmat**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokanámati í formi lokaverkefnis.